



Haustfjarnám 2013 í þjálfaramenntun 2. stigs!

Haustfjarnám 2. stigs þjálfaramenntunar ÍSÍ mun hefjast mánudaginn 14. okt. nk. og tekur það fimm vikur. Um er að ræða samtals 40 kennslustunda nám og er þátttökugjald kr. 18.000.- Námið er almennur hluti þjálfaramenntunar ÍSÍ og gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar. Það er sjálfstætt framhald náms á 1. stigi þjálfaramenntunar ÍSÍ eða sambærilegs náms, s.s. náms í ÍþF 1024. Skráning er á namskeid@isi.is eða í síma 514-4000 og þarf henni að vera lokið fyrir fimmtudaginn 10. okt. Með skráningu þarf að fylgja fullt nafn, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer. Rétt til þátttöku hafa allir sem lokið hafa 1. stigi alm. hluta eða sambærilegu námi. Einnig þurfa þátttakendur að hafa 6 mánaða starfsreynslu sem þjálfarar og að hafa gilt skyndihjálparnámskeið. Möguleiki er að taka skyndihjálparnámskeiðið á meðan á námi stendur og fá fyrri þjálfunarreynslu metna.

Allar nánari uppl. um fjarnámið og aðra þjálfaramenntun ÍSÍ gefur Viðar Sigurjónsson í síma 460-1467 eða á vidar@isi.is

Með bestu kveðju,

*Viðar Sigurjónsson
Skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri.*